



FERLAUFUNGUR

Fréttabréf flóruvina

Á hugamannahóps um verndun og rannsóknir á íslensku flórunni

Dagur hinna villtu blóma 13. júní 2004

Síðastliðin ár hefur dagur hinna villtu blóma verið haldinn á Norðurlöndum á næsta sunnudegi öðru hvoru megin við 15. júní. Þann dag hefur verið staðið fyrir tveggja tíma gönguferð fyrir almenning með blómaskoðun og leiðsögn. Árið 2003 bar þennan dag upp á 15. júní, og voru þá farnar 450 plöntuskoðunarferðir með rúmlega 10000 þátttakendum á sama tíma á öllum Norðurlöndunum nema Íslandi. Meira að segja á Grænlandi var farin ein ferð með 5 þátttakendum og í Færeyjum 3 ferðir með 60 manns. Við á Íslandi fengum fyrst að vita af þessum degi síðastliðinn vetur og nú er verið að hvetja okkur til að vera með.

Er ekki sjálfsgagt að taka þátt í þessu? Margir flóruvinir eru án efa kjörnir leiðsögumenn í þess háttar blómaskoðun. Ef ég lít yfir hópinn sé ég fyrir mér að við getum staðið fyrir plöntuskoðun t.d. á Hvanneyri, Ísafirði, Hólmavík, Blönduósi, Sauðárkróki, Dalvík, Akureyri, Húsavík, Kópaskeri, Borgarfirði, Egilsstöðum, Neskaupstað, Fáskrúðsfirði, Selfossi, Hafnarfirði, Kópavogi og Reykjavík og vonandi víðar.

Markmiðið með þessum degi er að ná til sem flestra sem fýsir að vita hvað vex úti um hagann og hjálpa þeim að læra að þekkja blómin. Glæða áhuga fólks á plöntunum og verndun þeirra. Stílað er upp á algjöra byrjendur. Öllum er frjálst aðgangur að ferðunum og þær eiga að vera ókeypis. Ferðin tekur um það bil tvo tíma en

tíminn getur líka verið sveigjanlegur eftir aðstæðum á hverjum stað. Almennigur þarf ekki að tilkynna þátttöku fyrirfram heldur geta menn einfaldlega mætt á staðinn sem auglýstur er á fyrir fram ákveðnum tíma.

Í Danmörku, Noregi og Svíþjóð eru það grasafraeðifélögin sem standa fyrir þessum degi (Dansk, Norsk og Svensk Botanisk Forening), allt áhugamannafélög með öflugra starfsemi um allt landið. Hér á Íslandi og í Finnlandi hafa hins vegar aldrei verið stofnuð nein formleg félög á sviði grasafraeði.

Ég vil hvetja ykkur til að hugsa þetta mál og íhuga hvort þið viljið ekki standa fyrir svona uppákomu í ykkar heimabyggð, og veita leiðsögn þann 13. júní næstkomandi. Þeir sem geta það þurfa að láta mig vita því það þarf að fylgjast með og skrá niður þá staði þar sem svona plöntuskoðun fer fram og skrá leiðbeinendur og síðar fjölda þátttakenda. Ég mun þá væntanlega hafa sama hátt á og nágrannar okkar hafa gert og senda ykkur eyðublöð til útfyllingar svo að við vitum hvar efnt verður til svona gönguferða, hvar þátttakendur eiga að mæta og hver hefur leiðsögn. Slík skipulagning býður upp á að koma fréttatilkynningu í blöð þar sem hægt væri að skýra frá því sem í boði er og hvar á að mæta á hinum ýmsu stöðum landsins.

Þið getið fundið nánari upplýsingar um daginn í fyrra á netinu undir www.sbf.c.se/vildablommor.htm eða www.botaniskforening.dk/hovedside.html. Gaman væri ef við gætum verið með, og þetta er vel hægt ef þið bara herðið upp hugann og takið þátt í þessum leik.

Flóruvefsíðan

Síðan síðasti ferlaufungur kom út í fyrra hafa ýmsar breytingar og viðbætur verið gerðar á vefsíðunni. Auk lista yfir allar íslenskar blómplöntur, byrkninga og fléttur hefur nú verið bætt við lista yfir mosa eftir Bergþór Jóhannsson og lista yfir botnfasta sjávarþörunga eftir Karl Gunnarsson og Sigurð Jónsson. Einnig er nú aðgengilegur listi yfir land- og ferskvatnspörunga sem Helgi Hallgrímsson hefur tekið saman eftir ýmsum heimildum. Vonir standa til að áður en langt um líður komi einnig listi yfir lægri sveppi sem nú er í prentun eftir Helga Hallgrímsson og Guðríði Gyðu Eyjólfsdóttur. Takmarkið verður að hafa alla lista yfir íslenskar plöntur aðgengilega á einum stað.

Þá hefur verið bætt inn á vefsíðuna um 60 tegundum fléttna með myndum, ásamt 20 tegundum blómplantna og er því heildarfjöldi íslenskra plantna sem skoða má á vefsíðunni orðinn 716.

Einnig er búið að bæta allmörgum útbreiðslukortum við fyrir bæði fléttur og blómplöntur. Þau munu halda áfram að bætast við smátt og smátt. Að lokum er nú hægt að velja myndir af blómplöntum eftir útliti undir yfirskriftinni MYNDASAFN. Áður var slíkt val aðeins opið fyrir fléttur og sveppi.

Samkvæmt ábendingum frá notendum vefsíðunnar var byrjað lítilliga á að mynda tengla milli líkra tegunda þannig að auðveldara væri að hoppa á milli og bera saman þær tegundir sem líkastar eru.

Útbreiðsla alaskalúpínu

Í síðasta blaði var fjallað lítið eitt um alaskalúpínuna og auglýst eftir upplýsingum um útbreiðslu hennar. Allmargir urðu til þess að senda upplýsingar um hana og fylla þannig upp í eyður á útbreiðslukortinu. Þeir sem aðgang hafa að netinu geta flett upp á alaskalúpínu á flóruvefsíðunni og borið það saman við kortið sem birtist í ferlaufungi í fyrra. Útbreiðsla hennar hefur þést verulega á vestanverðu landinu en er

nær óbreytt á Austurlandi. Enn eru að sjálfsögðu allar viðbótar upplýsingar um hana vel þegnar.

Til flóruvina

Enn bætist nokkuð í hóp flóruvina og eru þeir nú um 160. Ætíð eru þó nokkur eintök af ferlaufungi sem ekki komast til skila vegna þess að heimilisfang er óþekkt eftir að þeir flytja um set. Öðru hvoru skilar sér eitthvað inn af upplýsingum um plöntur á ýmsum stöðum. Ég vil minna ykkur á að hafa samband ef ykkur vantar reitskipt kort af einhverju svæði sem þið ætlið að skoða. Það er lítil fyrirhöfn að senda ljósrit af þeim svæðum. Sömuleiðis ef ykkur vantar gul, blá eða hvít spjöld til að merkja á.

Nú langar mig að vekja athygli á fáeinum svæðum, sem litlar eða engar upplýsingar eru til frá. Í reit nr. 3250 er bærinn Hjarðarfell í Miklholtshreppi á Snæfellsnesi og þar liggur gamli vegurinn yfir Kerlingarskarð niður eftir Hjarðarfellsdal. Í þessum reit hafa aðeins verið skráðar 14 tegundir blómplantna, sem að sjálfsögðu er aðeins brot af því sem þarna vex. Í reit 4456, sem er við Sandvatn, Ásbrandshólma og Skógarhlíð á Biskupstungnaafretti eru aðeins skráðir undafíflar og mosar. Í reit nr. 4566 við suðurströnd landsins undir Eyjafjöllum eru bæirnir Lambhúshóll, Efra-Holt og Syðrihóll við nyrðri reitamörk, og í honum rennur Rimhúsaáll til sjávar, en þarna eru nú aðeins skráðar tvær tegundir, melgresi og fjöruarfi en eiga örugglega að vera mun fleiri.

Reitur nr. 6543 er norður af Þjóðfelli og vestur af Súlendum á Vopnafjarðarleið. Í honum eru Selárbotnar og Grímsstaðadalur eystri, og í honum eru aðeins skráðar fléttur.

Auk þessara reita eru nokkrir reitir óskráðir á afskekktari svæðum, t.d. á ströndinni við Skeiðarársand og þar vestur af og á fáeinum stöðum á hálendinu uppi við jökla. Ef einhver telur sig komast í færi við þess háttar staði bið ég hinn sama að hafa samband og fá hjá mér nánari upplýsingar um hvar þessir vanskráðu reitir eru og kort sem sýnir staðsetningu þeirra.



NÁTTÚRUFRÆÐISTOFNUN ÍSLANDS

Hafnarstræti 97 Pósthólf 180 602 Akureyri Sími 460 0500 Bréfasími 460 0501
Hlemmi 3 Pósthólf 5320 125 Reykjavík Sími 590 0500 Bréfasími 590 0595